REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 205/1998 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

1. gr.

2. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ÁTVR heimilt að lækka tímabundið smásöluverð vöru sem felld hefur verið úr kjarna, sbr. 15. gr. og mánaðarflokki, sbr. 17. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 25. nóvember 1999.

F. h. r.
Árni Kolbeinsson.

Maríanna Jónasdóttir.

29. nóvember 1999 Nr. 815

SAMÞYKKT

Veiðifélags Grímsár og Tunguár, Borgarfirði.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímsár og Tunguár. Heimili þess og varnarþing er í Lundarreykjadalshreppi.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að laxgengum hluta Grímsár og Tunguár að viðbættu svæði í Tunguá ofan Englandsfoss að Lómalæk.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Til þess að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði 2/3 félagsmanna, enda sé þess getið í fundarboði, að slík ákvörðun liggi fyrir fundinum. Þó nægir einfaldur meirihluti fundarmanna á lögmætum aðalfundi til að ráðstafa veiði til eins árs í senn. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kosnum á aðalfundi til þriggja ára í senn. Skulu tveir kosnir úr hópi veiðiréttareigenda neðan Mávahlíðar og Múlakots, að báðum jörðunum meðtöldum. Einn úr hópi veiðiréttareigenda í Tunguá og tveir úr hópi veiðiréttareigenda í Grímsá ofan Mávahlíðar og Múlakots. Kjósa skal fyrsta ár sinn fulltrúann frá hvoru svæði í Grímsá, annað ár fulltrúa Tunguár og þriðja árið þá tvo fulltrúa af Grímsársvæðum, sem eftir eru. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjósa skal fimm varamenn á sama hátt. Kjósa skal tvo endurskoðendur og einn varaendurskoðanda til þriggja ára. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn félagsins tvö kjörtímabil.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún getur fengið menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur á hendi yfirumsjón með öllum störfum félagsins. Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki.

6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda sem og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytinu, 29. nóvember 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Stjórnartíðindi B 108, nr. 813–815. Útgáfudagur 9. desember 1999.